

**SAMTÖK
IÐNAÐARINS**



FEDERATION OF ICELANDIC INDUSTRIES

Ágústa H. Lárusdóttir, deildarfulltrúi
Þórshamri v/Templarasund
Alþingi
150 Reykjavík

Alþingi

Erindi nr. P 118 /306

komudagur 2 /12 1994

Reykjavík, 30. nóvember 1994

Í samræmi við bréf dags. 10. nóvember 1994 senda Samtök iðnaðarins menntamálanefnd Alþingis umsögn um frumvarp til laga um framhaldsskóla.

Virðingarfyllst,
Samtök iðnaðarins

Sveinn Hannesson
framkvæmdastjóri



UMSÖGN

um frumvarp til laga um framhaldsskóla, 127. mál (heildarlög)

Menntamálanefnd Alþingis hefur sent Samtökum iðnaðarins til umsagnar frumvarp til laga um framhaldsskóla.

Í heild fagna Samtök iðnaðarins fram komnu frumvarpi, lýsa yfir stuðningi við meginefni þess og vona að frumvarpið fái gagnlega og uppbyggilega umræðu á þingi og verði sem fyrst að lögum.

Samtök iðnaðarins binda vonir við að frumvarp til laga um framhaldsskóla reynist góður grunnur til að byggja á nútímalegt skólastarf sem leiði af sér auknar og markvissari kröfur til nemenda, skóla og atvinnulífs. Forsenda þess að Íslendingar geti af heilum hug tekið aukinn þátt í alþjóðlegri samvinnu og samstarfi er sú að menntakerfið, ekki síst framhaldsskólakerfið, fóstri og laði fram metnaðarfullt starf hjá nemendum og skólamönnum. Um leið er öflugt skólastarf grunnur nýsköpunar og framfara í íslensku atvinnulífi.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að námsbrautir skuli skipulagðar í samræmi við lokamarkmið námsins. Samtök iðnaðarins taka undir þetta sjónarmið.

Samtök iðnaðarins fagna því að í frumvarpinu er gert ráð fyrir aukinni þátttöku atvinnulífsins í stjórnun og stefnumótun í skólakerfinu. Slíkt mun kalla á meiri ábyrgð skóla og atvinnulífs og um leið skilvirkara samstarf. Um leið má ætla að skólarnir séu færari um að þjóna þörfum atvinnulífsins á hverjum tíma.

Mjög er til bóta að frumvarpið gerir ráð fyrir að innleiddar verði aðferðir til að meta skólastarfið, bæði kennslu- og stjórnunarhætti. Nemendur, heimili og skattgreiðendur eiga kröfu á því að árangur í starfi einstakra skóla verði metinn reglulega á eins hlutlægan hátt og kostur er.

Hér skiptir mestu máli hugarfarsbreyting innan skólanna sem gerir kleift að halda uppi öfluggu innra starfi í gæðamálum. Þar sem hægt er að koma á samkeppni milli skóla er sjálfsgagt að efla hana. Mikilvægt er fyrir fyrirtækin í landinu að notaður sé hlutlægur mælikvarði sem námsárangur sé mældur eftir svo að stjórnendur geti haft til hliðsjónar við ráðningar í störf.

Samtök iðnaðarins fagna því að einkaaðilar og samtök geti stofnað skóla á framhaldsskólastigi.

Samtök iðnaðarins leggja áherslu á að 23. gr. frumvarpsins verði fylgt eftir með sérstökum reglum sem efli metnað bæði innan og utan skólastofnana til að auka gæði framhaldsskólakennslu.

Í 25. gr. frumvarpsins er getið um starfsnám í framhaldsskóla. Samtök iðnaðarins gera sér grein fyrir því að hér á landi eigum við langt í land með að ná svipuðum fjölbreytileika í starfs- og iðnnámi og í nágrannaríkjum okkar. Samtök iðnaðarins lýsa sig fús að taka þátt í því þróunarstarfi sem þessi grein frumvarpsins vísar fram til.